

Fimmtudaginn 22. nóvember 1984.

Nr. 226/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Sigmundi Heiðari Árnasyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. þ.m., er barst Hæstarétti 19. þ.m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldsvist verði stytta. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 16. nóvember 1984.

Ár 1984, föstudaginn 16. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Sigmundur Heiðar Árnason, atvinnulaus, til heimilis að Stíllholti 11, Akranesi, verði úrskurðaður í gæsluvarðhald til miðvikudagsins 9. janúar 1985 á grundvelli 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir.

Hinn 14. nóvember sl. sá rannsóknarlögreglumaður Má Kjartansson, Gnoðarvogi 36 hér í borg, fara með hlut, sem lögreglumaðurinn fullyrti, að væri skotvopn, inn í húsið nr. 86 við Hverfisgötu hér í borg. Var að kröfu RLR heimiluð húsleit á staðnum með úrskurði sakadóms Reykjavíkur.

ur að kvöldi sama dags, og fannst þar rifill vafinn inn í taudúk bak við þvottavél. Aðili, sem staddur var í húsinu umrætt sinn, hefur borið, að kærði hafi bedið Má um að fara út í bifreið, sem stóð fyrir utan húsið, og ná þar í áfengisflösku og „það sem væri undir sætinu í bílnum.“ Kærði kveðst hafa vitað, að um byssu væri að ræða, en neitar alveg að vita um, hvernig hún komst í bifreiðina.

Kærði hefur viðurkennt að hafa í félagi við aðra brotist inn í útibú ÁTVR á Akranesi í sl. mánuði og stolið þar áfengi og tóbaki, sem að verðmæti er talið vera að fjárhæð kr. 160.000. Sætti kærði gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar þess máls, og losnaði hann úr því í sl. viku.

Kærði hefur jafnframt viðurkennt að hafa gefið út tékka að fjárhæð kr. 77.000 í ágúst sl. úr ávísanahefti, sem stolið var úr húsi hér í borg. Sætti kærði gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar þess máls frá 24. ágúst til 5. september sl.

Kærði hefur einnig verið sakaður um að hafa í félagi við tvo aðra menn fara inn í húsið nr. 60 við Miklubraut hér í borg hinn 14. ágúst sl. og ógnað þar stúlku. Kærði hefur játað hafa verið þarna greint sinn, en neitað að hafa ógnað stúlkunni. Þá hefur kærði jafnframt verið sakaður um að hafa ruðst inn í annað hús hér í borg hinn 9. þ.m. og ógnað þar konu og stolið byssu. Kærði hefur játað að hafa stolið byssunni, en neitar að hafa ógnað konunni.

Samkvæmt sakavottorði hefur kærði einu sinni hlotið dóm vegna brots gegn almennum hegningarlögum, þann 20. september sl., en þann dag var hann dæmdur í 45 daga fangelsi, skilorðsbundið 3 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. laganna með dómi sakadóms Reykjavíkur.

Kærði hefur ekki stundað atvinnu síðan í mars sl. og verið að meira og minna leyti í drykkjuskap og reiðuleysi frá þeim tíma.

Svo sem að framan er rakið, hefur kærði á sl. 4 mánuðum tvisvar sætt gæsluvarðhaldi vegna ætlaðra brota hans gegn almennum hegningarlögum. Í báðum tilvikum er um veruleg verðmæti að ræða. Þá hefur kærði, eins og að framan getur, tvisvar verið kærður fyrir ógnanir og tvisvar fyrir að hafa stolið skotvopnum jafnframt því sem hann hefur verið í mikilli óreglu sl. mánuði. Kærði hefur ekki látið af brotastarfsemi, þrátt fyrir að hann hafi tvisvar sætt gæsluvarðhaldi, og eftir að hann losnaði úr varðhaldi í síðara skiptið í sl. viku, hefur hann játað á sig þjófnað á skotvopni og verið kærður fyrir að hafa ógnað konu. Samkvæmt framansögðu verður því að telja verulega hættu á, að kærði haldi áfram afbrotum, ef hann verður látinn laus, meðan málum hans er ekki lokið. Þá er rannsókn máls þess, sem frá er greint í upphafi málavaxtalýsingar, á frumstigi, og þykir hætta á, að kærði geti torvelað rannsókn þess, er hann hefur óskert frelsi. Þykir því rétt með skírskotun til 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74.

1974 að taka kröfu RLR til greina, og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 9. janúar 1985, kl. 17:00. Kærði er sakaður um brot, sem gætu varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XVII., XXV. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi eigi til fyrirstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sigmundur Heiðar Árnason, sæti gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 9. janúar 1985, kl. 17:00.

Fimmtudaginn 22. nóvember 1984.

Nr. 227/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Jóhanni Davíð Richardssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 18. þ.m., er barst Hæstarétti næsta dag. Krefst hann þess, að úrskurðaður gæsluvarðhaldstími verði stytur. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Eins og sakarefni og atvikum máls þessa er háttað, þykja eigi efni til þess að raska niðurstöðu hins kærða úrskurðar um lengd gæsluvarðhaldstíma. Ber að staðfesta úrskurðinn.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.